

Fjármálaráðuneytið
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2015

Efni: Brot ríkisins á lögum um opinber innkaup og fyrirhugað útboð á flugfarmiðakaupum fyrir ríkisstarfsmenn


Undanfarin þrjú ár og gott betur hefur ríkt ólögmætt ástand hvað varðar kaup ríkisins á flugfarmiðum. Óumdeilt er að þessi innkaup ríkisins eru útboðsskyld, eins og staðfest er í úrskurði Kærunefndar útboðsmála frá 29. apríl síðastliðnum. Í ágúst 2012 sögðu Ríkiskaup upp rammasamningi við Icelandair og Iceland Express um farmiðakaup. Jafnframt var þá boðað að höfðað yrði mál til að fá hnekkt úrskurði kærunefndar útboðsmála frá 8. ágúst 2012, þess efnis að Ríkiskaup væru skaðabótaskyld gagnvart Iceland Express ehf. vegna brota á lögum um opinber innkaup sem fólust í því að ganga bæði að tilboði Iceland Express og Icelandair, þrátt fyrir að það síðarnefnda væri miklu hærra en tilboð Iceland Express. Um leið var boðað að farið yrði í nýtt útboð. Báðar þessar yfirlýsingar hafa reynzt rangar. Ógildingarmálið var aldrei höfðað og enn bólar ekkert á nýju útboði.

Í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins 13. mars síðastliðinn sagði að unnið væri að útboði á vegum Ríkiskaupa og þess væri vænzt „að nýtt útboð fari fram á fyrri hluta þessa árs.“ Þegar fyrri hluti ársins var liðinn án þess að útboð hefði verið auglýst sendi FA Ríkiskaupum fyrirspurn og spurðist fyrir um stöðu málsins. Í svarinu, sem barst um miðjan júlí, kom fram að gert væri ráð fyrir að auglýsa útboð á haustmánuðum.

FA sendi Ríkiskaupum aðra fyrirspurn 26. október síðastliðinn og spurðist enn fyrir um hvað liði útboðinu. Vakin var athygli á því að ríkt hefði ólögmætt ástand í málunum frá því í ágúst 2012 og brýnt væri að binda enda á það. Eftir að fyrirspurnin hafði verið ítrekuð barst svar um að „fjármálaráðuneytið [sé] eigandi verkefnisins og því rétt að ráðuneytið svari fyrir verkefnið, stöðu þess og framvindu.“

Í framhaldi af þessum samskiptum er þessi fyrirspurn send ráðuneytinu og spurt hvenær standi til að bjóða út farmiðakaup ríkisins og binda þar með enda á brot á lögum um opinber innkaup, sem staðið hafa í meira en þrjú ár.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen,
framkvæmdastjóri FA